

ekki sje sannað eða sýnt fram á, að nefnt útsvar sje lagt á samkvæmt ákvæðum laga 10. nóv. 1905, 36. gr., hvorki að því er búsetu snertir eða atvinnurekstur innan hjeradsins, og virðist því ekki eins og stendur, að krafa hreppsnefndarinnar um greiðslu útsvarsins úr dánarbúinu verði tekin til greina, við úthlutun eða endanleg skifti búans.

Mánudaginn 31. okt. 1927.

Nr. 75/1927

**Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)  
gegn

**Fritz Just** (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglujettar Reykjavíkur 8. sept. 1927: Kærður, Fritz Just, greiði 12500 króna sekt í landhelgissjóð Íslands og sæti 6 mánaða einföldu fangelsi ef sektin er eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sem eru um borð í botnvörpungnum „Julius Wettering“ P. G. 334 sje upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullaægja með aðför að lögum.

### **Dómur hæstarjettar.**

Af ástæðum þeim, sem getur í hinum áfrýjaða lögreglujettardómi og ekkert verulegt pykir athuga-vert við, ber að staðfesta dóminn, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar sje talinn frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 100 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Fritz Just, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálfutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Fritz Just, skipstjóra á þýska botnvörpungnum P. G. 334, „Julius Wattering“, fyrir brot á lögum nr. 5 frá 1920 um bann gegn veiðum með botnvörpu í landhelgi, og eru málavextir þeir, sem nú skal greina:

Hinn 2. september s. l. kl. 0,941 var varðskipið Fylla við strandgæslu fyrir suðurlandinu og tók þá eftirfarandi staðar-  
ákvörðun:

Hægri hlið Pjeturseyjar =| vinstri hlið Máfadrangs  $> 50^{\circ},7$

— — Reynisdrangs  $> 57^{\circ},5$

Hjörleifshöfða varða,

og sá þá botnvörpung í 112 hektometra fjarlægð í stefnunni  
botnvörpungurinn

$> 36^{\circ}$

vinstri hlið Portlands.

Botnvörpungurinn var, þegar miðunin var tekin, að beygja út frá landi, augskýlega að veiðum og hafði sjest stefna til lands frá því kl. 0,938.

Kl. 0,946 var eftirfarandi staðarákvörðun tekin:

Búrfell =| vinstri hlið Máfadranga  $> 54^{\circ},6$

hægri hlið Reynisdranga  $> 32^{\circ},3$

Varðan á Hjörleifshöfða.

Stefna trollarans var:

botnvörpungurinn  $> 48^{\circ},7$

vinstri hlið Portlands,

og stefndi nú botnvörpungurinn frá landi.

Varðskipið tók nú frekari staðarmælingar kl. 0,951 og kl. 10,00 og 10,08 og skaut 2 lausum stöðvunarskotum og kl. 10,13 stansaði skipið á eftirfarandi stað:

Drangshlíðarfjall  $> 46^{\circ},3$

Varða á Pjetursey  $> 68^{\circ}$

hægri hlið Portlands.

Staður þessi liggur 0,2 sjómílu ca. 350 m. utan landhelgislinunnar og lá botnvörpungurinn sem þá hafði stoppað ca. 100 metrum nær landi og kom í ljós að hann hafði stjórnbörðsvörpu úti.

Eftir athugunum þeim, sem gerðar voru á varðskipinu hefir botnvörpungurinn siglt í áttina frá landi í þær ca. 27 mínútur, sem liðu frá því að staðarákvörðunin var tekin kl. 0,946 og þar til hann stöðvaði og hefir þannig eftir þeim verið 0,7 úr sjómílu innan landhelgi.

Var botnvörpungurinn, sem reyndist vera P. G. 334, „Julius Wattering“, sem kærður er skipstjóri á, því tekinn fastur og komið með hann hingað til Reykjavíkur.

Kærður hefir neitað því að hafa verið að veiðum í landhelgi.

Hann kveðst hafa tekið eftirfarandi staðarmælingu er hann stansaði:

Varðan á Pjetursey í misv. N.A. til A.  $\frac{1}{2}$  A.

Vitakletturinn á Portlandi í misv. S.A. til A.  $\frac{1}{2}$  A.

og gefi það eftir sínu korti stað utan landhelgi. Frá því að hann byrjaði að kasta vörpunni og þar til hann kom á þennan stað kveður hann hafa liðið fjórðung stundar og hafi hann á þeim tíma siglt kurs S.S.V.

Kærður sýndi kort sitt í rjettinum og kom þá í ljós, að það er mjög lítið kort yfir allt Ísland og Færeyjar, — stærðia aðeins  $\frac{1}{10}$  af stærð korts þess er varðskipið vinnur með — og eftir

svo litlu korti mun ekki hægt að taka staðarákvarðanir með meira en ca. 1 sjómllu nákvæmni.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að staðarákvarðanir kærðs með slíkum tækjum, sem hann hefir yfir að ráða geti á engan hátt verið sambærilegar við staðarákvarðanir varðskipsins, sem teknar eru samtímis af 3 yfirmönnum þess með hinum nákvæmstu tækjum og verður því að leggja skýrslu varðskipsins til grundvallar um staði þá, er kærði hefir verið að veiðum á. Og því frekar telur rjetturinn sjer fært að slá því föstu að kærður hafi verið að veiðum innan landhelgi, þar sem sú myndi verða útkoman þó lögð væri til grundvallar staðarákvörðun kærðs er hann stoppaði þegar athugað er í hvaða stefnu hann sigldi og hve langan tíma.

Brot kærðs, sem ekki hefir áður sætt ákæru eða refsingu fyrir landhelgisbrot, ber að heimfæra undir 1. gr. laga nr. 5 frá 1920. Refsing sú, er hann hefir til unnið þykir eftir 3. gr. laganna sbr. 1. gr. laga nr. 4 frá 11. apríl 1924 hæfilega ákveðin 12500 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands með tilliti til þess að gengi íslenskrar krónu er nú 81,74 gullanrar og komi 6 mánaða einfalt fangelsi í stað sektarinnar ef hún eigi greidd innan viku frá birtingu dóms þessa.

Afli sá, sem í skipinu er og veiðarfæri öll — þar með taldir dragstrengir — sje upptækt og renni andvirði þess í sama sjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

---

Mánudaginn 31. okt. 1927.

Nr. 42/1927.

**Sigríður H. Ingimundardóttir**  
gegn

**Magnúsi Þórðarsyni.**

### **Dómur hæstarjettar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigríður H. Ingimundardóttir, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkis-